

74. Bréf dómsmálastjórnarinnar til endurskoðunar-
stjórnardeildar konungsríkisins, um það, hvort 1861.
31. október.
biskup sé skyldur að greiða ljóstoll til kirkju.

Frá hinni annari endurskoðunarskrifstofu konungsríkisins hefir dómsmálastjórninni verið sent eptirrit af 4. útásetningagrein við reikning yfir tekjur og gjöld Reykjavíkur dómkirkju, fardaga-árið 1857—58, til þess lagður verði úrskurður á, hvort Helgi biskup Thordersen sé skyldur að greiða ljóstoll til dómkirkjunnar í Reykjavík.

Þessu skal svarað á þá leið, að eptir skýrslum þeim, sem fram eru komnar um málavöxtu, þykir dómsmálastjórninni eigi vera ástæða til, að heimtaður sé ljóstollur af tæðum embættis-
manni.

75. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptyfirvaldanna 31. október.
á Íslandi, um jarðaskipti á Viðvík og Hjaltastöðum
m. m.

Eptir að búið var að leggja niður Hofstaða- og Flugumýrar braud, þá er það losnaði, og leggja Hofstaða sókn til Hóla- og Viðvíkur brauds, en Flugumýrar sókn til Miklabæjar brauds í Skagafjarðar sýslu, samkvæmt konungsúrskurði 25. septemberm. 1854, hafið þér, háæruverðugi herra, í bréfi til kirkju- og kennslustjórnarinnar, dagsettu 29. júlím. þ. á., farið þess á leit, að hlutatz verði til um, að jarðaskipti þau komist á, sem ákveðin eru í 2. grein í úrskurði þessum, en það er á þann hátt, að skipt verði jörðinni Viðvík, sem er þjóðjörð, fyrir Hjaltastæði, er fyrrum var lénjörð prests, ásamt með hjáleigunum Hjaltastæðahvamm og Hjaltastæðakoti.

Með því nú málefni þetta heyrir undir aðgjörðir dómsmálastjórnarinnar, hefir það verið fengið henni til úrskurðar, og skal yður nú kunngjört yður til leiðbeiningar, að hagfelldast virðist, að jarðaskipti þessi fari þannig fram, að amtmaðurinn yfir norður- og austurumdæminu á Íslandi fyrir stjórnarinnar hönd afsali eignarréttinn yfir jörðinni Viðvík til Hóla- Viðvíkur- og Hof-

1861. staðabrauðs, sem nú er sameinað, en þér, herra stiptamtmaður, 31. október. og þér, háæruverðugi herra, afsalið af hálfu hins fyrrveranda Flugumýrar og Hofstaðabrauðs, til ríkissjóðsins eignarrétt yfir Hjaltastöðum með hjáleigum þeirrar jarðar, þeim er áður eru nefndar; hefir Havstein amtmanni í dag verið ritað um það, er með þarf um þetta mál, og skal nú skorað á yður, að þér hlutist til um það sem nauðsyn er á frá yðar hálfu í þessu efni, og eigið þér að senda amtmanninum yfir norður- og austurumdæminu afsalsbréf það, er þér tilbúið, eptir því sem nú hefir sagt verið, til þess að hann geti látið þinglesa það, m. m.

31. október. **76. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um jarðaskipti á Viðvík og Hjaltastöðum m. m.**

Stjórnarráðinu hefir verið skýrt frá, að nú sè búið að leggja Flugumýrar og Hofstaða sóknir í Skagafjarðar sýslu: hina fyrnefndu til Miklabæjar brauðs og hina síðar nefndu til Hóla og Viðvíkur brauðs í sömu sýslu, svo sem ákveðið var í konungsúrskurði 25. septemberm. 1854. Eptir því sem fyrir er mælt í konungsúrskurði þessum, ber því nú að afsala Hóla- Viðvíkur- og Hofstaðabrauði, sem þannig hefir verið sameinað, þjóðjörðina Viðvík til eignar fyrir bújörð handa hlutadeigandi prests, en í stað þess eignist ríkissjóðurinn Hjaltastaði, er fyrrum var lènsjörð prests.

Í þessu efni skal þess nú getið, að stiptyfirvöldunum á Íslandi í dag hefir verið boðið að afsala ríkissjóðnum af hálfu fyrrveranda Flugumýrar- og Hofstaða brauðs eignarrétt yfir jörðinni Hjaltastöðum með hjáleigum þeirrar jarðar, Hjaltastadakoti og Hjaltastadahvammi, og að senda yður síðan afsalsbréf þau, er þau eptir þessu eiga að útgefa; en dómsmálastjórnin skorar hær með á yður, herra amtmaður, að þér fyrir hönd stjórnarinnar afsalið Hóla- Viðvíkur og Hofstaða brauði, sem nú er orðið eitt brauð, eignarréttinn yfir jörðinni Viðvík, svo að sú jörð verði höfð fyrir ábúðarjörð handa sóknarprestinum í því brauði,